

----

**Erindi varðandi 468.mál., frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla nr. 63/2006**

Samkvæmt lista á vefsvæði Alþingis um 468. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla nr. 63/2006, hefur allsherjar- og menntamálanefnd óskað eftir því við 48 aðila að þeir gefi umsagnir um frumvarpið sem flutt er af mennta- og menningarmálaráðherra. Í þessum hópi eru allir háskólar landsins, stærstu samtök vinnu- markaðarins, samtök og félag kennara, ýmis samtök fatlaðra, Öryrkjabandalagið, Viðskiptaráð, Heimili og skóli, og Félag prófessora, sem er hagsmunafélag prófessora við ríkisreknu háskólana.

Í frumvarpinu sem hér um ræðir er ákvæði sem gerir það að skilyrði við ráðningu háskólakennara að þeir skuli hafa doktorspróf til að teljast hæfir til starfa. Um er að ræða starfsheitin lektor, dósent, og prófessor (12. gr.). Eins og kemur fram í umsögn Listaháskólans um þetta mál þá þýðir þetta í raun að því sem næst allir starfandi listamenn á Íslandi verða útilokaðir frá þessum störfum. Það á jafnt við kennarastörf við Listaháskólann og störf við aðra íslenska háskóla. Þetta mun vera einsdæmi í alþjóðlegu tilliti.

Þar sem hér er um að ræða meginbreytingu og viðsnúning frá því sem nú gildir hlýtur það að teljast eðlilegt og í raun réttlætismál að leitað verði umsagna hjá félögum og samtökum sem hafa innan sinna vébanda listamenn og sérfræðinga sem þessi breyting snertir. Því er það erindi skólans að leitað verði umsagna hjá helstu fagfélögum og heildarsamtökum listamanna, hönnuða, og annarra aðila sem eiga hér hagsmuna að gæta, áður en vinnslu málsins verður framhaldið innan nefndarinnar. Í þessu tilliti getur ekki verið minna mikilvægt að leita til þessara aðila en til margra þeirra 48 sem nú þegar hafa fengið frumvarpið til umsagnar.

Meðal félaga og samtaka sem hafa listamenn, hönnuði, og sérfræðinga á sviði skapandi greina innan sinna vébanda eru 22 félag og samtök sem eru skráð hér fyrir neðan.

Með bestu kveðjum.

Reykjavík 5. mars 2012

Hjálmar H. Ragnarsson

rektor

---

Bandalag íslenskra listamanna  
Samband íslenskra myndlistarmanna  
Arkitektafélag Íslands  
Rithöfundasamband Íslands  
Félag leikskálda og handritshöfunda  
Tónskáldafélag Íslands  
Félag íslenskra hljómlistarmanna  
Félag íslenskra tónlistarmanna  
Félag tónskálda og textahöfunda  
Félag íslenskra leikara  
Félag leikstjóra á Íslandi  
Félag íslenskra listdansara  
Félag kvikmyndagerðarmanna  
Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda  
Samtök kvikmyndaleikstjóra  
Félag leikmynda- og búningahöfunda  
Hönnunarmiðstöð Íslands  
Félag vöru- og iðnhönnuða  
Fatahönnunarfélag Íslands  
Félag íslenskra teiknara  
Félag tölvuleikjaframleiðenda  
Samtök skapandi greina